



Alþingi
2014.

Ísafirði, 10 febrúar

Nefndasvið

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Efni: Umsögn Fjölmenningarseturs um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr 96/2002, um útlendinga, með síðari breytingum (EES-reglur, innleiðing, kærunefnd , hælismál).

Pingskjal 457-249 mál. Lagt fyrir 143. löggjafarþing 2013-2014.

Fjölmenningarsetur gerir ekki athugasemdir við að verið sé að innleiða framangreindar tilskipanir Evrópusambandsins, annars vegar tilskipun varðandi frjálsa för EES og EFTA- borgara og aðstandendur þeirra og hins vegar tilskipun varðandi brottvísanir útlendinga sem dveljast ólöglega á yfirráðasvæði aðildarríkjanna en vill koma á framfæri ábendingum. Mikilvægt er að íslensk stjórnvöld tryggji fullan rétt þeirra einstaklinga sem tilskipunin um frjálsa för nær til. Einnig er mikilvægt að vanda vel til verka varðandi breytt verklag og ferli í tengslum við brottvísanir því hingað til hafa brottvísunarheimildir útlendingalaga falið í sér heimild, en ekki skyldu. Nauðsynlegt er að sameiginleg viðmið og skilyrði fyrir brottvísun ríkisborgara, sem Ísland er bundið af vegna þátttöku í Schengen samstarfinu, séu ekki íþyngjandi eða ósanngjörn gagnvart útlendingi og aðstandendum hans og þau brjóti m.a ekki gegn réttindum til einkalífs og fjölskyldu. Þetta á einnig við varðandi þær breytingar á lögnum vegna nýrrar Dyflinnarreglugerðar sem tók gildi 1. janúar s.l.

Varðandi breytingar sem lagðar eru til vegna aðstæðna og álags í stjórnkerfinu vegna umsókna um hæli er mjög mikilvægt að breytingarnar sem lagðar eru til skili þeim árangri að einfalda verklag og ferli og auka skilvirkni við afgreiðslu hælismála. Það má hins vegar minna á að um lágmarksbreytingar er að ræða og nauðsynlegt og mikilvægt að endurskoða fleiri þætti laganna um útlendinga.

Fjölmenningarsetur telur það afar jákvætt að sérstök kærunefnd útlendingamála taki til starfa því mikilvægt er að óháður og óhlutdrægur aðili úrskurði í málum sem þessum ekki síst þar sem ýmsar ábendingar og gagnrýni varðandi málsmeðferð m.a frá umdæmisskrifstofu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, Rauða krossinum á Íslandi og fleirum hefur borist til stjórnvalda.

Varðandi athugasemdir við einstaka greinar þá er í frumvarpinu lagt til að gefin verði út sérstök skráningarvottorð til EES og EFTA borgara og aðstandenda þeirra sem

dveljast hér á landi og er það til bóta. Borið hefur á því að borgarar frá þessum ríkjum viti ekki hvort þeir eru löglega skráðir á landinu þar sem þeir hafi ekki fengið í hendur dvalarleyfisskírteini eins og ríkisborgarar frá löndum utan EES sem eru með dvalar- og atvinnuleyfi hér á landi. Hins vegar eru gerðar athugasemdir við afgreiðslutíma á umsóknum um dvalarskírteini fyrir útlendinga sem eru ekki EES eða EFTA borgarar og eiga rétt til dvalar samkvæmt 37. gr.a. Í frumvarpinu er lagt til að umsókn skuli afgreidd innan sex mánaða frá því hún er lögð fram og telur Fjölmenningssetur að sá tími sé of langur og ekki í samræmi við afgreiðslu annarra umsókna hjá Útlendingastofnun.

Virðingarfyllt,

f.h. Fjölmenningsseturs

Elsa Arnardóttir, forstöðumaður

